



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd

Húsavík, 26. október 2023

Efni: Umsögn frá Norðurþingi um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál.

Athugasemdir byggðarráðs Norðurþings eru sem hér segir:

Brýr yfir Skjálfandafljót.

Fjárveiting til að endurgera veginn í Aðaldal um Skjálfandafljót er á árunum 2026–2028. Aflagðar verða tvær einbreiðar brýr yfir Skjálfandafljót og Rangá hjá Ófeigsstöðum og er byggðarráð hlynnt þeirri framkvæmd eins og hún er lögð upp í fyrirliggjandi tillögu.

Samkvæmt tillögunni er ný brú yfir Skjálfandafljót við Fosshól ekki á áætlun fyrr en á 2. tímabili áætlunarinnar. Það er afar brýnt að hraða þeirri framkvæmd þar sem umferðapungi og allar aðstæður í kringum núverandi brú á hringvegi nr. 1 er óásættanlegt.

Dettifossvegur.

Byggðarráð Norðurþings ítrekar óskir um að Dettifossvegur verði skilgreindur stofnvegur og njóti heilsársþjónustu. Það er óskiljanlegt að milljarða fjárfesting í svo mikilli vegabót og samgönguæð sé ekki nýtt til fulls og haldið opnu allt árið. Áreiðanlegar samgöngur árið um kring skipta íbúa, fyrirtæki á svæðinu og alla vegfarendur máli. Vetrarþjónusta er ekki bara mikilvæg fyrir vöruflutninga og ferðamenn heldur er hún lykilþáttur í eflingu vinnusóknarsvæða.

Húsavíkurflugvöllur.

Gerðar hafa verið alvarlegar athugasemdir við ástand flugstöðvarinnar á Húsavíkurflugvelli og hefur þjónusta í flugstöðvarhúsi verið skert verulega vegna áhrifa byggingar á heilsufar. Í tillögunni er gert ráð fyrir 80 milljónum á næstu tveimur árum í viðhald bygginga en ráðast þarf í þær endurbætur sem allra fyrst.

Byggðarráð lýsir áhyggjum sínum af ástandi flugbrautar og hlaða en samgönguáætlun gerir ekki ráð fyrir fjármagni til endurbóta og yfirborðsviðhalds fyrr en á árunum 2029-2038.

Unnið er að uppbyggingu Græns iðngarðs á Bakka, tvöföldun Þeistareykjavirkjunar og stórfellds landeldis í Kelduhverfi og í Öxarfirði. Því þarf að tryggja að áfram verði reglulegt áætlunarflug á Húsavíkurflugvöll enda grunnkerfi fjölbreyttra samgöngumáta óháð staðsetningu á landinu grunnstefið í hugtakinu búsetufrelsi.

Hafnir Norðurbings.

Stofndýpkun og þilskurður v. þvergarðs í Húsavíkurhöfn er á áætlun árin 2025 og 2026. Byggðarráð og stjórn Hafnasjóðs óska eftir því að þetta verk verði fært framur þannig að viðhaldsdýpkun hefjist strax á árinu 2024.

Byggðarráð og stjórn Hafnasjóðs óska eftir því að Raufarhafnarhöfn verði skilgeind sem höfn í grunnneti vegna umferðar í höfninni og mikilvægi staðsetningar hafnarinnar fyrir siglingar við Norðausturland.

F.h. byggðarráðs Norðurbings

*Norðurbíng
Fahm Sigurðardóttir*
sveitarstjóri